

5. fundur stjórnar FORMA skólaárið 2015-2016

Haldinn fimmtudaginn 21. janúar 2016 kl. 16:30 í Meistarastofu.

Mætt voru: Ester Stefánsdóttir, Ragnheiður Halldórsdóttir, Jóhanna M. E. Matthíasdóttir, Erla Sigurðardóttir og Heimir Haraldsson námsráðgjafi.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt með lítilsháttar breytingum.
2. Gerð hefur verið leiðrétting á framsetningu laga FORMA í núverandi formi og færð inn á heimasíðu MA. Endurskoðun laga fer nú í gang og er áætlað að vera komin með endanlegt uppkast að nýjum lögum í apríl svo hægt verði að samþykkja endanleg drög í maí. Ræða þarf um samstarf félagsins og skólans gagnvart nýjum lögum. Ákveðið var að biðja Jón Má að koma á fund til að ræða tengsl félagsins við lög um framhaldsskóla og skilgreiningu laganna á foreldraráði.
3. Rætt var um skipulag viðburðanna tveggja sem við erum að vinna með nemendafélaginu. Ákveðið hefur verið að félagið kaupi veitingar fyrir 30.000 af sjöppunni sem nemendur 3ja árs reka. Auglýsingar verða á vegum Hugins og við munum aðstoða við dreifingu eins og hægt er. Nemendum VMA verður einnig boðið að koma. Beðið er eftir endanlegri ákvörðun um dagsetningar en gert ráð fyrir óbreyttum tímum.
4. Rætt var um form næsta aðalfundar og ákveðið að hafa uppsetningu hans svipaða og verið hefur en skerpa á skipulagi og einstaka þáttum.
5. Gengið hefur verið frá samkomulagi við skólann vegna gagnanýtingar og var það undirritað á fundinum. Samkomulagið verður í framhaldi sett inn á netið til birtingar.
6. Rædd voru minnisatriði fyrir næstu fundi. M.a. að ræða þarf tímanlega um skipulag skálaferða og gera ítarlegri ramma um frágang og umsjón nemenda í þeim ferðum, virkja umsjónarkennara betur inn í ferlið og bæta upplýsingaflæði, frekari umræða verður síðar.
7. Tafir urðu á útsendingu kynningarbréfs til foreldra en það verður sent út á næstu dögum.
8. Fundir á vorönn voru ákveðnir: 4. febrúar, 3. mars, 14. apríl og 12. maí.

Þar með er efni fundar upptalið. Næsti fundur er áætlaður 4. febrúar, kl. 16:30 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði Jóhanna M. E. Matthíasdóttir.